RECARO

SEAT FIX
AIR CIRCULATION SYSTEM
LIGHT WEIGHT
ECE NORM R 44/04
HERO
ISO FIX
ADVANCED SIDE PROTECTION

Barnabílstólar í úrvali

BÍLASMIÐURINN HF
Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

1. tölublað
1. árgangur

VESTRI

— 14. DESEMBER 2017 —

NÝTT FRÍBLAÐ Á VESTURLANDI

Einu sinni var á Akranesi

Bandaríski fréttaljósmyndarinn Ralph Morse heimsótti Akranes á vetrarvertíðinni lýðveldisárið 1944. Hann starfaði fyrir tímaritið LIFE. Það var þá fremsta fréttaljósmyndatímarit heims og Morse einn af bestu ljósmyndurum þess. Kominn til Akraness tók Morse myndir af fólki við störf í fiskveiðum og fiskvinnslu. Þessar stórmerku ljósmyndir eru nýlega komnar fram. Þær gefa einstæða innsýn í eril dagsins í útvegsbæ þar sem íbúar fyrir rúmum 70 árum höfðu helsta lífsviðurværi sitt af því sem fékkst af gjöfulum miðum Faxaflóa. Sjá miðopnu.

Neyddir til Reykjavíkur

Meðferðastöð risin

Gjörningur gegn óréttí

Fánaprentun
Útifánar
Borðfánar
Hátíðarfánar
544 2030
MERKIS MENN
www.merkismenn.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótorhjóla og snjósleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

SOUS VIDE
Sennilega jólagjöfin í ár
1300W Sous vide frá Unold. Heimilistæki til hægeldunar.
Spennandi leið til eldunar og leikur einn.
Tryggir nákvæman kjarnhita og eldamennskan verður óviðjafnaleg.
Tækið hefur fengið verðlaun í Þýskalandi fyrir hönnun.

Tækniborg
www.taekniborg.is
BORGARBRAUT 61,
BORGARNESI SÍMI: 422 2211

OMNIS
VERSLUN AKRANESI
DALBRAUT 1,
AKRANESI · SÍMI 433 0300

Athugið að Vacum-pökkunarvélin er seld sér.

AKRANES/REYKJAVÍK:

Ebbi AK kemur til Reykjavíkur en þar er nú löndunarhöfn Akranesbáta. Svo illa er nú komið fyrir bænum sem eitt sinn var kallaður Skipaskagi. Ljósm.: Gísli Reynisson/aflafrettir.is

Dauði Akraness sem útvegsbæjar

Gísli Reynisson ritstjóri fréttasíðunnar aflafréttir.is tók **Eymar Einarsson** skipstjóra og útgerðarmann Ebba AK tali á mánudagskvöld í þessari viku. Eymar var þá að koma til hafnar í Reykjavík til löndunar eftir róður í Faxaflóa. Þar neyðist Eymar til að landa eftir að fiskmarkaðurinn á Akranesi lokaði nú í október.

Eitt sinn var mikið líf í Akraneshöfn. Ansi margir bátar voru þá að landa þar bæði bolfiski og loðnu. Fiskvinnsla var þar mjög sterk og smábátaútgerð jókst þar ár frá ári. En síðan fór leiðin fyrir Akranes að liggja niður á við. Togarar fóru hver af öðrum. Endanlega hurfu þeir allir eftir að Sturlaugur H. Böðvarsson AK fór að landa í Reykjavík eftir að HB Grandi tók yfir Harald Böðvarsson hf á Akranesi. Síðasta löndun togarans á Akranesi var árið 2014. Eftir á Akranesi voru þá smábátar. Útgerð þeirra hafði verið nokkuð góð og mikil frá því fyrir 1980," skrifar Gísli og bendir á að það hafi verið mikilvægt fyrir smábátana að hafa fiskmarkað á Akranesi því þeir voru ekki tengdir neinni fiskvinnslu.

Löng saga

Gísli rekur söguna í stuttu máli: „Fiskmarkaður hafði verið stofnaður á Akranesi árið 1988. Þegar Sturlaugur H. Böðvarsson AK hætti að landa á Akranesi 2014 þá var fiskmarkaður búinn að starfa á Akranesi í um 26 ár. Reyndar lokaði fiskmarkaðurinn á Akranesi í kringum 2005, en var opnaður aftur á vormánuðum 2006. Síðan þá má segja að leiðin hafi legið niður á við. Núna í október 2017 var fiskmarkaðnum endanlega lokað á Akranesi. Með því fór öll löndunaraðstaða á Akranesi."

Eymar Einarsson bakkar Ebba AK ákveðið frá bryggju í Reykjavík eftir löndun þar síðdegis á mánudag. Ljósm Gísli Reynisson/aflafrettir.is

Í greini sinni veltir Gísli upp þeirri spurningu hvaða áhrif þetta hafi á útgerð þeirra fáu báta sem enn stunda fiskveiðar frá Akranesi. Hann skrifar að tveir helstu bátarnir sem enn eru skráðir á Skaganum séu Ebbi AK og Ísak AK. Báðir landi nú í Reykjavík eftir að markaðurinn lokaði á Akranesi.

Galin staða á Akranesi

Það var til að grennslast nánar um þetta að Gísli Reynisson fór niður á bryggju í Reykjavík síðdegis á mánudag þar sem hann beið eftir því að Eymar Einarsson á Ebba kæmi að landi með afla sinn. Um leið og Eymar klifraði frá borði upp á bryggjuna þá spurði Gísli hann hvað honum fyndist um þessa lokun?

"Galið, alveg galið," svaraði Eymar og bætti síðan við: „Þetta bætir við sirka tveim til þrem klukkutímum við okkar útiveru á sjónum."

Þessi róður sem Ebbi AK var að koma úr var búinn að vera langur. Báturinn fór frá Akranesi klukkan tvö um nóttina og kom til Reykjavíkur um kl 16:30. Löndun og fleira tók um 30 mínútur. Ebbi AK var þannig ekki kominn aftur á Akranes fyrr enn um 17:30. Þannig varð þetta 15 tíma veiðiferð.

Algert hrun útvegsbæjar

„Þegar löndun var lokið þá bakkaði Eymar báti sínum Ebba AK eins fljótt og hann gat frá Reykjavík og er það kanski lýsandi fyrir mikla ónægju hans vegna þessarar lokunar markaðarins," skrifar Gísli Reynisson á aflafrettir.is.

„Þessi lokun fiskmarkaðarins á Akranesi er kannski lýsandi saga um dauða Akraness sem útgerðarstaður og fiskihöfn. Núna er Akranes að breytast í eina stóra Snarfarahöfn – sum sé leguhöfn fyrir hina og þessa báta," skrifar ritstjóri Aflafrétta.

Gísli Reynisson hefur tekið saman þróun í lönduðum afla á Akranesi í október og nóvembermánuðum síðan 1992. Það er sláandi lestur.

Þessar töflur og tilvitnanir í grein Gísla Reynissonar ritstjóra Aflafrétta eru birtar hér í Vestra með góðfúslegu leyfi hans. Þess skal getið að um 60 tonn af 72 tonna lönduðum heildarafla á Akranesi í október sl. voru sæbjúgu. Í nóvember voru um 15 tonn af 19 tonna lönduðum afla sömuleiðis sæbjúgu. Þannig er nú komið fyrir útgerðarbænum Akranesi.

Afla landað í októbermánuði á Akranesi:

Ár	Heildarafli tonn	Fjöldi landana	Fjöldi báta	Loðna
2017	72	17	4	0
2012	62	50	8	0
2007	94	56	8	0
2004	998	150	20	0
1999	3.409	175	26	2.000
1997	14.248	388	33	13.021
1992	10.050	495	57	8.756

Ár	Heildarafli tonn	Fjöldi landana	Fjöldi báta	Loðna
2017	19	8	4	0
2012	95	50	7	0
2007	245	112	12	0
2004	1.761	212	22	0
1999	4.600	251	35	1.387
1997	8.780	359	52	7.270
1992	6.886	410	54	5.161

HÓTEL HÚSAFELL

Gjafabréf

verð frá 19.900 kr.

Gefðu einstaka upplifun í jólagjöf

GISTING – MATUR – SLÖKUN – AFÞREYING





Gisting í notalegu umhverfi

Fallega útbúin herbergi og sveitakyrrðin allt um kring.

Gómsætur matur

Fyrsta flokks veitingastaður með rómaðan matseðil.

Afþreying og slökun

Á Húsafelli er stutt í ævintýrin og gott að slaka á.





KJALARNES:

NÝ EFTIRMEÐFERÐARSTÖÐ SÁÁ Í VÍK AÐ KOMAST Í FULLAN REKSTUR

Þann 22. apríl 2016 tók hr. Ólafur Ragnar Grímsson þáverandi forseti Íslands fyrstu skóflustungu að nýrri meðferðarstöð SÁÁ í Vík á Kjalarnesi. Nú réttu einu og hálfu ári síðar stendur hún svo gott sem tilbúin. „Þetta eru búnar að vera framkvæmdir á húsakosti sem telur alls um fjögur þúsund fermetra. Stærstur hluti af þessu eru þær nýbyggingar sem hafa risið hér í Vík síðasta eitt og hálfa árið. Þær eru allar tilbúnar. Til viðbótar þessu erum við svo að endurgera og endurnýja alfarið gamla húsið sem var hér fyrir en það eru um 800 fermetrar. Það verður eins og nýtt þegar þeim framkvæmdum lýkur nú á næstu vikum," segir Arnþór Jónsson formaður SÁÁ.

Arnþór Jónsson formaður SÁÁ í matsal nýju meðferðastöðvarinnar í Vík.

Nýbyggingin í Vík. Húsakosturinn er á rólegum og fallegum stað með mikla útivistarmöguleika.

Nýja húsið og hluti af gamla húsnæðinu sem fyrir var í Vík og nú er verið að endurgera.

Vandað til verka

Nýja meðferðarstöðin í Vík er afar vistleg. Húsakynnin eru björt og falleg. Útsýnið til suðvesturs yfir sundin til Reykjavíkur, eða í norðaustur að Esju og hamrabeltum hennar spillir heldur ekki fyrir. Allir eru í eins manns herbergjum. Þau eru afar vel búin. Nokkur herbergjanna eru sérbúin fyrir fatlaða.

Nýbyggingar og endurbætur SÁÁ í Vík á Kjalarnesi eru mestu fjárfestingar innan heilbrigðisþjónustu sem ráðist hefur verið í á vestanverðu landinu um margra ára bil. „Heildarfjárfestingin þegar allt verður tilbúið, bæði húsakostur og lóð, er upp á 1,3 milljarða. Þegar þetta er í höfn og allt er tilbúið, þá munum við flytja alla starfsemina frá Staðarfelli í Dölum og hingað í Vík á Kjalarnesi. Það verður nú í febrúar. Vík verður þá eini eftirmeðferðarstaður SÁÁ," segir Arnþór.

„Hér í Vík verða í heildina á hverjum tíma 65 sjúklingar þegar allt verður fullsetið. Það verða þá 40 karlar og 25 konur. Þetta verður eflaust fjölmennasti vinnustaðurinn hér á Kjalarnesi. Það verður bæði fólk sem starfar hér á þessum stað eingöngu en líka læknar, sálfræðingar og aðrir sem munu þjónusta Vík frá Reykjavík. Hér er vakt allan sólarhringinn, alla daga ársins."

Staðarfell lokar í febrúar

Arnþór útskýrir að nú sé eins konar millibilsástand í Vík á meðan verið sé að ljúka framkvæmdum þar. „Konur í eftirmeðferð voru í gamla hlutanum hér í Vík sem nú er verið að endurnýja. Þessa dagana nota þær nýbyggða hlutann sem var tekinn í notkun nú í október/nóvember. Þegar búið er að endurgera gamla hlutann þá fara þær aftur yfir en karlarnir sem hafa verið á Staðarfelli á Fellsströnd í Dölum fá þá nýja hlutann hér í Vík."

Starfsemi SÁÁ á Staðarfelli, sem spannar ein 37 ár, verður þar með lögð af. Húsakosturinn á Staðarfelli hefur nú verið auglýstur til sölu en hann er í eigu ríkisins.

Með þessum breytingum verður búið að koma meðferðastarfsemi SÁÁ í fastar skorður þar sem allt fer fram í nýju eða nýlegu húsnæði sem stenst allar nútíma kröfur. „Vogur er sjúkrahúsið okkar og hryggjarstykkið í starfseminni. Síðan er það göngudeildin í Efstaleiti í Reykjavík og svo verður það Vík á Kjalarnesi," segir Arnþór.



Bygginganefnd afhenti meðferðarsviði SÁÁ nýja húsnæðið 1. október sl. á 40 ára afmæli SÁÁ. Ljósm.: Spessi

Biðlistar aldrei lengri en nú

Miklar áskoranir blasa nú við SÁÁ. Það þarf að glíma við reksturinn. „Allir þjónustusamningar við ríkið eru löngu útrunnir. Sumir þeirra runnu út fyrir sjö árum en það hefur bara verið unnið áfram samkvæmt þeim. Þessir samningar eru barn síns tíma og ríkið er í dag ekki að greiða nema einhvern hluta af kostnaðinum við meðferðir. Það borgar svo ekki neitt fyrir byggingakostnaðinn hjá okkur. Það er allt fjármagnað með sjálfsaflafé og okkar eigin peningum. Fjárhagsstaða SÁÁ er þó ekki nógu góð því það er svo mikill halli á sjálfri heilbrigðisþjónustunni. Við lentum í miklum niðurskurði í hruninu. Það voru ein 20 prósent og þetta hefur aldrei komið til baka."

Reisugildi var haldið í mars á þessu ári. Hér flytur Arnþór ræðu í því sem nú er matsalurinn í nýbyggingunni.

Arnþór segir að biðlistar eftir að komast í meðferð hjá SÁÁ hafi aldrei verið lengri en nú. „Það eru á bilinu 300 og 350 manns sem bíða nú eftir plássi á Vogi. Unglingadeilin hjá okkur þar, fyrir þau sem eru yngri en 20 ára, er algerlega smekkfull. Það hefur ekki verið svo, reyndar dróst aðsóknin að henni saman og það fækkaði, en nú er þetta allt á leiðinni upp. Þetta er þó svo nýskeð að við viljum ekki draga neinar ályktanir um orsök þessa enn sem komið er, eða hvort þessi fjölgun er komin til að vera," segir Arnþór Jónsson formaður SÁÁ.

LEIÐARI

Fylgt úr hlaði

Vestri er nýtt blað og arftaki Vesturlands. Útgáfa Vesturlands hefur verið stöðvuð þar sem stjórn fyrirtækisins Pressunnar, sem meðal átti það blað og fleiri landshlutablöð, hefur óskað eftir gjaldþrotaskiptum. Sú staða er þó ekki tilkomin vegna þess að afkoma landshlutablaðanna hafi kollsiglt félaginu. Landshlutablöðin, sem öll eru fríblöð og hafa gríðarmikla útbreiðslu og lestur, hafa ávallt verið rekin réttu megin við núllið. Það er því ofur eðlilegt að blöðin gangi í endurnýjun lífdaga.

Ámundi Ámundason eigandi útgáfunnar Fótspor stofnaði upphaflega þessi blöð en seldi útgáfuréttinn í hendur Pressunnar fyrir um tveimur árum síðan. Hann grípur nú keflið og hefur útgáfu nýrra landshlutablaða undir merki Fótspors. Vestri verður eitt þeirra og hér er fyrsta tölublaðið.

Ég verð ritsjóri Vestra. Ritstjórnarstefna Vestra verður hin sama og undir minni stjórn í Vesturlandi. Vestri birtir landshlutafréttir og fjölbreytt vandað efni sem tengist íbúum á útbreiðslusvæði þess, með sérstakri áherslu á sögu og menningu landshlutans. Vestri er líka opinn fyrir aðsendu efni.

Sem fyrr er hér á ferðinni blað sem fer inn í öll hús frá Mosfellsbæ í suðri, vestur um land allt að Reykhólasveit. Tölublöð þess verða líka aðgengileg á vefnum fotspor.is. Þar má þegar sjá fyrstu tölublöð þeirra blaða sem Fótsporútgáfan ýtir nú úr vör.

Lesendur Vestra munu ekki þurfa að greiða fúlgur fjár í áskriftir því blaðið verður sem fyrr sagði ókeypis. Mikil útbreiðsla þess og góður lestur gerir það að einstæðum vettvangi í landshlutanum fyrir fréttir, fróðleik, skoðanaskipti og auglýsingar.

Magnús Þór Hafsteinsson

1. tölublað, 1. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54 , 103 Rvk. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. **Auglýsingar:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Magnús Þór Hafsteinsson. Sími: 864 5585 **Netfang:** magnushafsteins@simnet.is. Efni blaðsins er skrifað af ritstjóra nema annað komi fram. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is.

Fríblaðinu er dreift í 7.000 eintökum á öll heimili og í fyrirtæki á Kjalarnesi, í Kjós, Akranesi, Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Snæfellsnesi og í Dölum. Blaðið liggur einnig frammi á helstu þéttbýlisstöðum á svæðinu.

HVALFJÖRÐUR:

Góð fjárhagsstaða í Hvalfjarðarsveit

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2018 ásamt þriggja ára áætlun áranna 2019-2021 var samþykkt á fundi sveitarstjórnar þann 28. nóvember sl.

Heildartekjur samstæðu A og B hluta á árinu 2018 eru áætlaðar 822 m.kr. Heildargjöld eru áætluð 775 m.kr. Rekstrarafgangur samstæðu A og B hluta er áætlaður 60,3 m.kr. sem er sama og A-hluta.

Skuldir og skuldbindingar samstæðu A og B hluta í árslok 2018 eru áætlaðar 335 m.kr. og 338 m.kr. í A-hluta. Eigið fé samstæðu A og B hluta er 2.160 m.kr. og A hluta 2.140 m.kr.

Áætlað er að í árslok 2018 verði handbært fé um 222 m.kr. fyrir samstæðuna sem er það sama og fyrir A-hlutann.

Áætlun um fjárfestingu áætlunar 2018-2021 byggir á fyrirliggjandi áætlun um framlög til vatnsveituframkvæmda á vegum Vatnsveitufélags Hvalfjarðarsveitar sf. samtals um 54 millj. kr. á tímabilinu. Gert er ráð fyrir að á fyrri hluta árs 2018 verði samþykktar frekari fjárfestingar á tímabilinu þegar ákvarðanir um verkefni og kostnaðarmat þeirra liggja fyrir. Samþykkt frekari fjárfestinga mun verða mætt með lækkun handbærs fjár. Engin lántaka er fyrirhuguð á áætlunartímabilinu. Fyrirhugað er að 31 millj. kr. verði varið til viðhalds fasteigna og búnaðar í eigu sveitarfélagsins á árinu 2018. Stærstu viðhaldverkefnin verða í Heiðarskóla, Heiðarborg, Skýjaborg og v/ Svarthamarsréttar.

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2018 og þriggja ára áætlun 2019-2021 verður kynnt á íbúafundi líkt og sl. ár. Á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar segir að tímasetning þess fundar verði auglýst síðar.

RÚNA – ÖRLAGASAGA EFTIR SIGMUND ERNI RÚNARSSON

GLÆSTIR SIGRAR SORGIR OG EINSEMD

SVEITASTELPAN SEM NÁÐI HÆSTU HÆÐUM GLÆSILÍFS – EN LÍKA DÝPSTU DÖLUM TILVERUNNAR.

Sigmundur Ernir Rúnarsson skrifar af alkunnu innsæi og snilld örlagasögu stúlkunnar sem ólst upp í fásinni og náttúrufegurð í Svínadal í Húnavatnssýslu, konunnar sem náði hæstuhæðum glæsilífs – en líka dýpstu dölum tilverunnar.

DRAMATÍSK SAGA HESTAKONU!

1. PRENTUN UPPSELD – 2. PRENTUN KOMIN Í VERSLANIR!

GUNNAR BIRGISSON EFTIR **ORRA PÁL ORMARSSON**



HRESSILEGUR OG EINLÆGUR

Í þessari bráðskemmtilegu og fróðlegu bók segir af skrautlegri fjölskyldusögu Gunnars Birgissonar en líka Dagsbrúnarverkamanninum sem varð umsvifamikill framkvæmdamaður og einn af forystumönnum atvinnurekenda í þjóðarsáttinni og átökum í pólitíkinni þar sem hann dregur ekkert undan.

★★★★

„VEL SKRIFUÐ OG SKEMMTILEG“

TRAUSTI SALVAR KRISTJÁNSSON, DV

ÞAÐ ER GOTT ... AÐ LESA ÆVISÖGU!

VERÖLD

Bókarkafli:

Rúna – Örlagasaga

Sigmundur Ernir Rúnarsson fjölmiðlamaður, rithöfundur og fyrrum Alþingismaður hefur skrifað ævisögu Rúnu Einarsdóttur. Í baksíðutexta bókarinnar segir að engin íslensk kona hefur unnið jafn glæsta sigra á hestbaki heima og erlendis.

Hin eftirsótta og langþráða Morgunblaðsskeifa komin í hendur Rúnu eftir þriggja mánaða tamningu í Búnaðarskólanum á Hvanneyri 1984.

Rúna lifði í vellystingum á glæsilegum hestabúgarði í Þýskalandi og ekkert lát virtist vera á velgengninni. Bókin greinir þó ekki einungis frá sigrum Rúnu heldur líka konunni á bak við glansmyndina, einsemd hennar og sorgum, konunni sem á tímabili fannst eins og öll sund væru lokuð.

Rúna ólst upp í Svínadal í Húnavatnssýslu og fór í nám við Bændaskólann á Hvanneyri. Hér grípum við niður í bókinni þar sem hún segir frá upphafinu þar:

Hvanneyri tók vel á móti mér. Annað held ég að hafi aldrei komið til greina. Það mátti anda að sér sögu staðarins á hlaðinu – og þegar inn í skólahúsin var komið blasti við manni ósvikin virðing og veglæti fyrir aldagömlum búskaparháttum í sveitum þessa lands. Mér fannst ég ekki geta verið á betri stað í lífi mínu. Stundin var komin, hugsaði ég með mér þegar ég kom föggum mínum fyrir á heimavistinni.

Að vísu fannst mér helst til skrýtið að eina hesthúsið á staðnum var að finna í dimmri holu undir fjárhúsinu sem minnti um margt á hrörlegt og niðurnítt fjós af gamla skólanum. En það mátti einu gilda; enda þótt hestar væru auðsjáanlega ekki jafn hátt skrifaðir og kýr og kindur í þessum nálega hundrað ára gamla búnaðarskóla, var ég alveg klár á því að þessi virðulega stofnun gæti fært mér meiri og betri færni í hestatamningum en var á færi pápa míns. Hann kunni vitaskuld velflest í þeim efnum, en eftir margra ára handleiðslu hans í hesthúsinu heima, þar sem ég taldi mér smám saman trú um að ég væri búin að temja allt sem ótamið væri, fannst mér ég þurfa að skora sjálfa mig á hólm í þessum óheyrilega flóknu fræðum sem eru fólgin í því að fá það besta út úr agalausri ótemju.

Það sem heillaði mig öðru fremur við tveggja ára námið á Hvanneyri var sú hrífandi og góða tilhugsun að mega taka með mér ótamið trippi í skólann og fá að æfa það sjálf og þjálfa undir lokapróf í tamningu. Ég taldi mig eiga þar mikið inni eftir áralanga handleiðslu föður míns fyrir norðan, en ég vissi auðvitað sem var að miklu réði hvaða unghross ég fengi að taka með mér í skólann. Þar var úr vöndu að ráða, því ekkert var eftir af óbönduðum trippum heima á Mosfelli af þeirri einföldu ástæðu að ég var búin að temja alla mína húnvetnsku hesta þegar hér var komið lífinu.

Rúna í góðra karla hópi í húsi Veðurstofu Íslands uppi á Kili, daginn fyrir fyrsta smaladag. Hinn kunni Páll Pétursson frá Höllustöðum er fyrir miðri mynd.

Ég varð því að reiða mig á pabba í þessum efnum, en vissi þó sem var að ekki var sjálfgefið að hann ætti hér auðvelt um vik, því nískari maður á eigin hesta var vandfundinn í sveitum þessa lands. Þar af leiðandi yrði honum ekki auðvelt að biðja aðra bændur um greiða sem hann átti sjálfur erfitt með að gera öðrum. Maður lánar ekki bestu vinina sína, hafði hann oft haft á orði við mig – og þá viðurkenndi hann stundum fyrir mér svo engir aðrir heyrðu til að hann væri einfaldlega hestasár; mér svíður að sjá hestana mína í annarra manna höndum, hvíslaði hann að mér, óvanalega lágmæltur.

Vísast var það með nokkrum semingi að eftir nokkurra vikna umhugsun talaði hann fyrst við Magna vin sinn í Árgerði í Eyjafirði, en sá góði maður lagði þegar til heldur daufan og varfærinn hest sem hann taldi vísast að færi stelpunni ekki að voða. Svei mér þá ef sú hin sama móðgaðist ekki við þetta lítilfjörlega álit eyfirska bóndans á hæfileikum hennar. Enda kom á daginn að þessi jarpi klár var fullspakur fyrir reynda hestakonu úr Húnaþingi, næstum áhugalaus um umhverfi sitt og leiður mjög og litlaus úr hófi fram.

Ég vissi strax að þessi eyfirski fákur myndi ekki skila mér áleiðis, hvað þá að ég hreppti skeifuna fyrir hans tilstilli. Og verkefnið var líka ærið; innan þriggja mánaða átti ég að geta teymt hestinn bæði gangandi og hlaupandi upp á báðar hendur úti á berangri, en þess utan farið á bak honum og af frá báðum síðum, auk þess að ríða fetið jafnt sem brokkið, stökkið bæði og töltið eins og ekkert væri honum eðlilegra.

Ég ætlaði mér að vinna skeifuna. Annað kæmi ekki til greina. Ég hafði bitið það í mig eins og ég átti kyn til. Hún myndi opna mér dyrnar að þjálfun hesta um allt land – og gott ef ekki í útlöndum líka, man ég eftir að ég hugsaði, ákafari og upplitsdjarfari en nokkru sinni áður á lífsleiðinni. Allir ræktendur íslenska hestsins, hvar svo sem þeir væru niður komnir, legðu nafnið á vinningshafa skeifunnar á óhverfult minni sitt. Hér var því enginn tími til að dvelja við steindauða hesta, hugsaði ég og sneri sem snöggvast skífunni á heimavistarsímanum í brýnt og burðugt langlínusamband við pápa minn á Mosfelli.

Hann kvaðst sennilega geta leitað til Sigurbjörns félaga síns Bárðarsonar í þetta skipti, en Diddi hefði nefnt við hann heldur styggt og kuldalegt trippi undan Örvari í Hömrum sem ætti kannski vel við þetta verkefni mitt, en þar eð tíminn var æði knappur kvaðst hann líka vilja senda mig heim til Óskars félaga síns á Krossi í Lundarreykjadal, þaðan hefðu alltaf komið góð og gagnleg hross. Og þegar þangað er komið bendir bóndinn mér á rauðblesótta hryssu, Gná að nafni, sem hann segir vera komna á tamningaraldur. Mér líst strax vel á merina, enda gustar af henni og gneistar um hvarma og gott ef hún ber það ekki líka með sér að hún getur farið fallega á tölti ef vel er að henni farið.

Það er samt hrekkur í henni þegar sest er fyrst á bak, en svo vel tekur hún tamningunni þegar fram líða stundir að hún verður bæði góð og næm í beisli, Rúna í góðra karla hópi í húsi Veðurstofu Íslands uppi á Kili, daginn fyrir fyrsta smaladag. Hinn kunni Páll Pétursson frá Höllustöðum er fyrir miðri mynd.ekki síður en í umhirðunni sem mér hefur alltaf fundist vera vanmetinn partur af þjálfuninni. Og þegar ég strýk henni um hringaðan makkann og klappa blíðlega á blesótta snoppuna, finn ég hvernig tryggðaböndin byrja að myndast á milli okkar.

Það er því ekki að undra að nýi nemandinn á Hvanneyri sé farinn að sjá Morgunblaðsskeifuna í hillingum.

SNÆFELLSBÆR
Þar sem jökulinn ber við loft...

Auglýsing á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031

Snæfellsbær auglýsir samkvæmt 31. gr skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að aðalskipulagi Snæfellbæjar 2015-2031 ásamt umhverfisskýrslu.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofu Snæfellsbæjar að Klettsbúð 4 og hjá Skipulagsstofnun frá og með 14. desember 2017 til 8. febrúar 2018. Tillagan er einnig aðgengileg á heimasíðu Snæfellsbæjar, http://taeknideild-snb.is/

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 8. febrúar 2018. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Snæfellsbæjar að Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbæ eða á netfangið byggingarfulltrui@snb.is
Tillagan er sett fram í greinargerð og á uppdráttum og er auglýst með athugasemdum Skipulagsstofnunnar og yfirliti hvernig brugðist var við athugasemdum.

RÚSSLAND 2018

HENSON - HM TREYJUR

STR	86sm - 158sm	Kr.6.900
STR	XS - 2XL	Kr.7.900
STR	3XL - 5XL	Kr.8.800
HVíTAR STUTTBUXUR		Kr.1.975
SOKKAR		Kr.1.480
HM NÁTTFöT		Kr.3.500

UTSÖLUSTAÐIR: HEIMKAUP.IS • HENSON - BRAUTARHOLT 24

Fiskur í móttöku frystihússins. Eitthvað yrði nú sagt í dag um slíka meðferð á fiskafla sem þessar myndir leiða í ljós.

Við beitningu.

Einbeittur ungur maður flakar.

Pakkað og sett í frystipönnur.

Einu sinni var á Akranesi

Ralph Morse, ljósmyndari bandaríska tímaritsins LIFE var sendur til Íslands í árslok 1943. LIFE var þá fremsta fréttaljósmyndatímarit heims. Morse virðist hafa dvalið hér á landi yfir jól og áramót. Hann var afar hæfur fréttaljósmyndari og einn sá besti meðal ljósmyndara LIFE.

Hingað kominn tók Morse fjölda ljósmynda af bandaríska hernámsliðinu við störf, en hann gaf sér einnig tíma til að mynda Íslendinga. Bæði fólk, atvinnulíf og húsakostur hér á landi virðist hafa vakið athygli hans.

Nýverið komst ég yfir mikið safn mynda sem Morse tók á Íslandi þessa daga sem hann dvaldi hér í stríðinu. Þær eru einstakar heimildir. Ég sá strax að nokkar þeirra höfðu verið teknar á Akranesi, sennilega í janúar eða febrúar 1944. Morse myndaði til dæmis löndun á afla í Akraneshöfn. Hann tók líka myndir af framleiðslu á frystum flökum. Þær myndir eru líklega teknar í frystihúsi á Akranesi. Einnig eru myndir af mönnum sem stunda beitningu. Þetta er greinilega á vetrarvertíðinni.

Ég þakka Ásmundi Ólafssyni fræðaþul á Akranesi fyrir að hafa litið á þessar myndir með mér þar sem hann hjálpaði til við að greina margt af því sem á þeim má sjá. Að öðru leyti vísa ég til texta með myndunum.

Til frekari glöggvunar verða þessar myndir birtar á netinu á Facebook-síðu Vestra

Magnús Þór Hafsteinsson

Hér er fiski sturtað úr trékössum um borð í fiskflutningaskip sem liggur í Akraneshöfn. Íslendingar seldu mikið af ísuðum fiski til Bretlands á stríðsárunum. Þessum fiski var safnað af vertíðarbátunum og skipað um borð slík skip sem sigldu með hann á markað. Hér er sennilega um slíkt að ræða.

Karlarnir taka úr frystitækjunum og slá fisk úr frystipönnum.

Pökkun á flökum fyrir SH.

Landað úr vélbátnum Birni II GK. Hann réri frá Akranesi og sökk skömmu eftir að þessi mynd var tekin (sjá eigin grein á næstu síðu). Enginn löndunarkrani var þarna í Akraneshöfn. Þegar útfall var og lágt í sjó er bátar komu að bryggju var landað með þeim hætti að menn notuðu sting á hvern fisk sem kastað var upp á pall sem var eins og sjá má hengdur með keðjum utan á bryggjuna. Þar stóðu síðan menn með stingi og köstuðu fiskunum upp á bryggju. Þar voru síðan aftur menn sem sáu um að kasta aflanum upp á vörubílspall. Þetta var, eins og geta má nærri, mikil erfiðisvinna. Ég minnist þess að afi minn Guðmundur Jónsson síðar bóndi á Innra Hólmi sagði mér frá því að hann hefði unnið við þetta á Akranesi á árunum milli stríða. Áratugum síðar var honum efst í huga hvað þetta hefði verið mikið strit.

Þegar Björn II fórst

Aðfaranótt föstudagsins 11. febrúar 1944 réru fjölmargir línubátar frá höfnum við Faxaflóa. Undir morgun skall á suðvestan stormur með 11–12 vindstigum þegar mest var. Flestir bátarnir urðu að yfirgefa lóðir sínar og halda í land. Fimm bátanna fórust. Af þeim hurfu þrír með allri áhöfn, maður drukknaði af einum þegar bátnum hvolfdi. Fimmti báturinn var Björn II sem hafði róið frá Akranesi. Þar varð giftusamleg mannbjörg. Frá henni sagði svo í Ægi – mánaðarriti Fiskifélags Íslands sem kom út nokkrum dögum eftir þennan mikla sjóslysadag:

„Björn II. byrjaði að draga lóðina kl. 9 um morguninn, en um hádegisbil urðu skipverjar að skera á línuna og hverfa frá henni vegna óveðurs. Voru þeir þá búnir að draga 16 lóðir af 28. Þegar þetta skeði, var Björn II. staddur um 18 sjómílur NV frá Akranesi. Á þessum sömu slóðum voru auk þess 4 bátar frá Akranesi. Særok var mjög mikið og sást því ekki nema örstutt frá skipunum. Þessum bátum tókst þó öllum að halda hópinn í hálfa aðra stund. Héldu bátarnir upp í vindinn í SA og SSA til þess að forðast Mýrarnar. Um hálf tvö leytið urðu þeir varir við grunnbrot og var þá haldið á hægri ferð í V og SV. Hálfri stundu fyrir nón kom óstöðvandi leki að Birni II. Var ekkert við lekann ráðið, þótt dælt væri eins og unnt var og tveir hásetar færu í lífaustur.

Skipverjar á Birni II. höfðu, þegar hér var komið sögu, misst sjónar af hinum bátunum nema vélbátnum Fylki. Höfðu nú skipstjórarnir á þessum bátum samband sín á milli í gegn um talstöðvarnar. Og voru skipverjar á Fylki beðnir að koma Birni II. þegar til hjálpar, því að óðum hækkaði sjórinn í Birni, í lúgar, lest og vélarrúmi. Skipverjar á Birni settu nú á sig björgunarbelti, því að ekki var annað sýnna en hann mundi sökkva á hverri stundu. Í þeim svifum kom Fylkir til aðstoðar. Hellti hann olíu í sjóinn til þess að draga úr öldunni og lagði að því búnu upp með Birni á hléborða. Var bilið á milli bátanna 10—15 faðmar. Skipverjar á Birni hentu nú kastlínu yfir í Fylki og síðan var bún bundin undir höndur eins skipverjans á Birni, er að því búnu var dreginn yfir í Fylki. Á þennan hátt var öllum skipverjunum á Birni II. bjargað yfir í Fylki. Er ætlað að björgunin hafi tekið hálftíma. Í sama mund og björguninni var lokið stöðvaðist vélin í Birni og 10 mínútum síðar marraði hann í hálfu kafi og braut á honum. Tókst björgun þessi í alla staði giftusamlega til undir góðri og öruggri stjórn Njáls Þórðarsonar, skipstjóra á Fylki. Skipstjóri á Birni II. var Kristinn Jónsson, er áður var með v/b Hermóð."

Í vinnslusal frystihússins.

Flakari.

Hér sést fiskurinn kominn upp á bryggju. Menn með stingi kasta honum upp á vörubílspall. Sé númer bílsins E-41 þá var þetta að sögn Ásmundar Ólafssonar einn af vörubílum frystihúss Heimaskaga. Síðar þenna vetur var „Akranesgrafan" í eigu Þórðar Ásmundssonar lánuð til að nota við fisklöndun í höfninni. „Affermingin gekk meira en helmingi fljótar og mun fleiri bátar komust að bryggjunni. Þessi fljóta afgreiðsla hefur vafalaust aukið tölu róðra og er auðsætt að graman hefur þannig aukið aflann á Akranesi þennan vetur," skrifaði Arnljótur Guðmundsson bæjarstjóri.

Slegið úr.

Snyrting með tusku.

Ung kona styrtir flak með tusku.

Maður við flökun. Ekki er vitað hvaða fólk er á þessum myndum og væri gott á fá upplýsingar um það ef einhver ber kennsl á andlitin.

Ralph Morse ljósmyndari LIFE-tímaritsins heimsótti Akranes og myndaði lífið í verstöðinni sem þá var, enda stóð vertíð greinilega sem hæst og landburður af þorski úr Faxaflóa. Morse lést 97 ára gamall 2014. Hann var mjög mikils metinn fréttaljósmyndari og var sem slíkur viðstaddur marga sögulega atburði á 20. öld, bæði í seinni heimsstyrjöld og síðar.

Konur vikta flök og pakka í pappír fyrir frystingu.

Beitningarkarlar að störfum.

Menn beita línu.

Vörubíll fór með þorskhausa í Síldarverksmiðjuna sem þarna var nær ný, tekin í notkun 1937. Þeim var sturtað niður í þróna þaðan sem þeir fóru svo í bræðslu.

Hér eru stingirnir enn notaðir til að kasta fiskinum í trékassa sem eru á þilfari skipsins. Við sjáum svo hlíðar Akrafjalls í bakgrunni.

Maður mokar til hausum í þrónni með kvísl í hendi.

AUGLÝST EFTIR UMSÓKNUM Í UPPBYGGINGARSJÓÐ VESTURLANDS

Veittir verða atvinnuþróunar og nýsköpunarstyrkir, menningarstyrkir ásamt stofn- og rekstrarstyrkjum til menningarverkefna.

Á heimasíðu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, er að finna reglur og viðmið varðandi styrkveitingar.

Umsóknarferlið er á *Ísland.is* og notast er við Íslykil til innskráningar.

https://innskraning.island.is/?id=soknaraaetlun.is.ssv

Nánari upplýsingar í síma 433-2310

Frestur til að skila inn umsóknum rennur út á miðnætti 17. janúar 2018.

SÓKNARÁÆTLUN VESTURLANDS

SSV Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

Aðsend grein:

Nýja stjórnin hækkar lífeyri aldraðra ekkert!

Björgvin Guðmundsson er þekktur fyrir greinar sínar um félagsleg málefni sem snerta velferð, ekki síst mál eldri borgara.

Ný ríkisstjórn hefur verið mynduð, -ríkisstjórn Vinstri grænna, Sjálfstæðisflokks og Framsóknar. Sáttmáli þessarar stjórnar var undirritaður 30. nóvember 2017.

Nokkur eftirvænting ríkti eftir því hvernig þessi nýja stjórn yrði, til dæmis hvort Vinstri grænir kæmu fram einhverjum af sínum stefnumálum og hvort lífeyrir aldraðra yrði hækkaður.

Fagurgali fyrir kosningar

Allir stjórnmálaflokkar töluðu fallega um eldri borgara í kosningabaráttunni og gáfu til kynna að þeir vildu hækka lífeyri þeirra. Þeir,sem verst eru staddir af eldri borgurum, eru með lífeyri niður við fátæktarmörk.

Ég átti von á því, að nýja stjórnin mundi bæta hér eitthvað úr, en því miður. Þegar nýi stjórnarsáttmálinn sá dagsins ljós, kom fram að nýja ríkisstjórnin ætlaði ekki að hækka lífeyri aldraðra um eina krónu.

Þegar kosningabaráttan hófst tilkynnti Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, að hann vildi að frítekjumark vegna atvinnutekna aldraðra yrði hækkað í 100 þúsund kr. á mánuði. Þetta frítekjumark var 109 þúsund kr. á mánuði fram til síðustu áramóta en var lækkað eftir áramót.

Framsóknarflokkurinn boðaði fyrir kosningar, að flokkurinn vildi afnema frítekjumarkið, þ.e. hafa það frjálst að eldri borgarar gætu unnið án skerðinga lífeyris almannatrygginga.

Vinstri grænn gáfu til kynna fyrir kosningar, að þau vildu hækka lífeyri eitthvað.

Sjálfstæðisflokkur ræður för

En niðurstaðan í þágu eldri borgara var eins og Sjálfstæðisflokkurinn hefði verið einn í stjórn. Stefna Sjálfstæðisflokksins réði. Hvorki var tekið tillit til stefnu Framsóknar varðandi frítekjumark atvinnutekna né stefnu Vinstri grænna varðandi slæma stöðu lægst launuðu eldri borgara. Í nýja stjórnarsáttmálanum er aðeins minnst á að frítekjumark vegna atvinnutekna ætti að vera 100 þús kr. á mánuði en ekkert rætt um hækkun lífeyris.

Margir eldri borgarar munu hafa búist við því,að lífeyrir aldraðra yrði hækkaður ríflega, þegar „vinstri“ flokkurinn VG væri kominn í stjórn. En það var öðru nær. Lífeyrir verður ekkert hækkaður. Sjálfstæðisflokkurinn ræður ferðinni í þessum efnum eins og áður. Vinstri grænir höfðu greinilega engin áhrif á stefnuna í kjaramálum aldraðra.

VG setti ekki nægilegt mark á sáttmálann

Andrés Ingi Jónsson, annar tveggja þingmanna VG sem greiddi atkvæði á móti því að VG færi í opinberar viðræður við Sjálfstæðisflokk og Framsókn um stjórnarmyndun, greiddi einnig atkvæði á móti stjórnarsáttmálanum og flutti mjög athyglisverða ræðu við það tækifæri. Þar sagði hann,að hann hefði ekki treyst sér til þess að styðja stjórnarsáttmálann þar eð VG hefði ekki getað sett nægilegt mark á sáttmálann. Sjálfstæðisflokkurinn hefði ráðið of miklu um sáttmálann. Andrés Ingi nefndi nokkur dæmi þessu til staðfestingar. Hann nefndi launa- og kjaramál, varnarmál og uppreist æru og trúnaðarbrest.

Ég get bætt við dæmi um kjaramál aldraðra. Í þeim málaflokki hefur VG ekki komið neinum stefnumálum í gegn. Í stjórnarsáttmálanum er ekkert rætt um að hækka lífeyri aldraðra. Hins vegar er ákvæði í sáttmálanum um kjaramál öryrkja og óskað viðræðna við öryrkja um þau mál og að leitað verði sátta.

Kjaramál öryrkja voru aldrei full afgreidd, þegar ný lög um almannatryggingar voru afgreidd á Alþingi 2016. Í tengslum við afgreiðslu á nýjum lögum um almannatryggingar, sem tóku gildi 1. janúar 2017, var gert ráð fyrir að lífeyrir aldraðra myndi hækka 1. Janúar 2018 til samræmis við þá hækkun sem átti að verða á lágmarkslaunum 2018. Þessi hækkun á lífeyri verður 12.000 kr. eftir skatt hjá einhleypum eldri borgurum þann 1. janúar 2018, en þá hækkkar lífeyrir eftir skatt úr 230 þúsund kr. á mánuði í 242 þúsund á mánuði.

Hundsa kröfur aldraðra um hækkun lífeyris!

Ég var fremur svartsýnn þegar ég ræddi um nýtt Alþingi og líkurnar á því að það mund bæta mikð kjör eldri borgara og öryrkja. Það var ekki búið að mynda ríkisstjórn þá.

En ég játa, að það hvarflaði ekki að mér, að ríkisstjórnin mundi gersamlega hundsa kröfur aldraðra um hækkun lífeyris. En það hefur nú gerst. Þó Félag eldri borgara í Reykjavík hafi haldið stóran fund um baráttuna fyrir því að lyfta lífeyri aldraðra vel upp fyrir fátæktarmörk og stjórnmálaflokkarnir hafi sýnt skilning á því, þá hefur ekkert gerst í því efni.

Aðild VG að ríkisstjórninni hefur ekki dugað til þess að lyfta lífeyri aldraðra upp. Sá lífeyrir er enn niðri við fátæktarmörk.

Björgvin Guðmundsson, viðskiptafræðingur.

Aldraðir telja sig beitta órétti af hálfu ríkisins þegar kemur að lífeyrisgreiðslum.

> *Aðild VG að ríkisstjórninni hefur ekki dugað til þess að lyfta lífeyri aldraðra upp. Sá lífeyrir er enn niðri við fátæktarmörk.*

ONRS-2017-18/ 09.12.2017

Útboð

Orka náttúrunnar ohf. óskar eftir tilboðum í:

Þjónustu rafvirkja

Óskað er eftir tilboðum í almenna þjónustu rafvirkja tengda viðhaldsþjónustu, endurnýjun og viðbótum á virkjunum og þjónustu rafvirkja á hlöðum á mismunandi stöðum á landinu.

Útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Nánar lýst í útboðsgögnum „ONRS-2017-18 Þjónusta rafvirkja“

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu á vefsíðu OR https://www.or.is/utbod

Tilboð verða opnuð hjá Orku náttúrunnar ohf. Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, fimmtudaginn 11.01.2018 kl. 11:00.

ORKA NÁTTÚRUNNAR
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is
Allar fyrirspurnir vegna útboðs skal senda á utbod@on.is

BORGARNES.

Aldrei fleiri Borgnesingar

Þann 11. desember 2017 voru íbúar Borgarbyggðar 3750 talsins og hefur þeim fjölgað um 70 síðan 11. des. í fyrra. Flestir hafa íbúar verið rétt tæplega 3.800 árið 2008. Þar af eru íbúar í Borgarnesi rúmlega 2000 og hafa þeir aldrei verið fleiri, segir á vef Borgarbyggðar.

Gleðileg jól

GJÖGUR HF
GRENIVÍK

KFC

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

Þörungaverksmiðjan hf.

samskip

HVALUR HF.

Gó'a
Stofnað 1968

Grundarfjarðarbær

Snæfellsbær

EFLING

GÁMAÞJÓNUSTA VESTURLANDS EHF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

olís

KJALARNES:

Frömdu aðventugjörning gegn óréttlæti

Síðdegis sunnudaginn 10. desember var gjörningurinn "Opinn eldur" fluttur við útialtarið sem nú er verið að reisa við Esjuberg á Kjalarnesi.

Tilefnið var að í ár er haldið upp á það að 500 ár eru síðan Marteinn Lúther, sem kirkjudeild mótmælenda er kennd við, hengdi upp 95 mótmæli til siðbótar á hurð hallarkirkjunnar í Wittenberg í Þýskalandi. Lúther barðist fyrir réttlætinu og var bannfærður af páfa fyrir vikið.

Þann 10. desember árið 1520 brenndi Lúther svo bannfæringarbréf páfa (Exurge Domine) ásamt nokkrum lagabókum rómversk-kaþólsku kirkjunnar og fleiri ritum sem hann taldi að stangaðist á við boðskap Biblíunnar. Eftir þennan atburð gaf páfi frá sér endanlega bannfæringarskipun eða hinn 3. janúar 1521. Á þeim stað er brennan fór fram í Wittenberg stendur nú Lúthers–eikin.

Mannréttindadagur Sameinuðu þjóðanna er einnig 10. desember. Margrét Steinarsdóttir framkvæmdastjóri Mannréttindaskrifstofu Íslands fluttti því stutt ávarp við brennu sem tendruð var þar sem útialtarið rís. Fulltrúar barna og unglinga, útlendinga, kvenna og fleiri brenndu síðan á táknrænan hátt það óréttlæti sem fólk hefur orðið fyrir.

Þessi samvera sem bar heitið „Opinn eldur" var þannig hugsuð sem gjörningur þar sem öllum er velkomið að brenna óréttlæti heimsins.

Það var „Nefnd um fimm alda minningu siðbótar" sem bauð til þessa gjörnings. Sögufélagið Steini á Kjalarnesi, sem haft hefur veg og vanda að gerð útialtaris við Esjuberg, var síðan samstarfsaðili ásamt sóknarpresti og sóknarnefnd Brautarholtssóknar.

Sóknarnefnd Brautarholtssóknar bauð svo til aðventuhátíðar í félagsheimilinu Fólkvangi að lokinni brennu. Þar fengu gestir heitt kakó og léttar veitingar. Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir flutti hátíðarræðu, sunnudagaskólabörnin sungu, Hulda Björnsdóttir lék á píanó og Kirkjukór Reynivallaprestakalls söng undir stjórn Guðmundar Ómars Óskarssonar organista. Sr. Arna Grétarsdóttir sóknarprestur leiddi bæn.

Við útialtarið sem tekur óðum á sig mynd.

Það logaði glatt.

Biskup Íslands, frú Agnes Sigurðardóttir.

Miðar með dæmum um óréttlæti heimsins lagðir á eldinn.

Samverustund og aðventhátíð í félagsheimilinu Fólkvangi. Ljósmyndir: Bjarni Sighvatsson.

JÓLATILBOÐ

Völundarhús býður 20% afslátt af öllum

GARÐHÚSUM

miðað við verð án fylgihluta á heimasíðunni okkar.
Einnig af Sky 15 - 3 garðhúsinu/gestahúsinu og Sky 15 - 44 gestahúsinu.
Einnig bjóðum við 5% aukaafslátt af völdum gestahúsum.

44 mm bjálki / Tvöföld nótun

GARÐHÚS 14,5 m²

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS *sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður*

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

GARÐHÚS 4,4m²

GARÐHÚS 4,7m²

GARÐHÚS 9,9 m² án gólfs

GARÐHÚS 9,7m²

www.volundarhus.is

VH/17-02

völundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt

volundarhus.is · Sími 864-2400

Tiboð þetta gildir til 31. desember eða á meðan byrgðir endast. Fyrstur kemur fyrstur fær.

Nánari upplýsingar á heimasíðu okkar volundarhus.is og í síma 864-2400.

Staðgreiðslu lán

VISA Lán

Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá HUMBAUR hafa margsannað sig á Íslandi!

Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452, - án vsk.

Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.

750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.

750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612.- án vsk.

750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355.- án vsk.

Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

Nýtt á Íslandi frá WÖRMANN world of trailers kerrum

Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.

Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718

SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

MARÁS

Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ
www.maras.is / www.faj.is
S:555 6444 / 552 2111

FAJ FRIÐRIK A. JÓNSSON ehf.

YANMAR

FYRIR SJÁVARÚTVEGINN

SIMRAD

Siglinga og fiskileitartæki

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra jóla- og nýárskveðjur með ósk um gæfuríkt nýtt ár.

STYRMIR SKRIFAR UM BYLTINGUNA SEM ALDREI VARÐ

Kannski áhugaverðasta bókin um þjóðfélagsmál sem kemur út fyrir þessi jól er „Uppreisnarmenn frjálshyggjunnar – Byltingin sem aldrei varð“ eftir Styrmi Gunnarsson fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins. Margt merkilegt sem vekur umhugsun kemur fram í þessari bók. Því skal vakin athygli á útkomu hennar hér.

Þjóðin missti trú og traust

Plássins vegna verður þó aðeins tæpt á inngangi bókarinnar. Þar skrifar Styrmir í upphafsorðum: „Þjóðir, sem verða fyrir alvarlegum áföllum, þurfa tíma til að vinna úr þeim – ekki síður en einstaklingar og fjölskyldur. Skýrasta dæmið um það í okkar heimshluta eru Þjóðverjar. Það hefur tekið þá marga áratugi að vinna úr því áfalli sem þriðja ríkið varð þýzku þjóðinni svo og heimsstyrjöldin síðari sem lagði Þýzkaland í rúst. Kannski verður það aldrei hægt til fullnustu en líkur á að þýzka þjóðin hafi öðlast meiri þroska en ella.

Banka og efnahagshrunið 2008 er ekkert samb- ærilegt við þau ósköp, sem þýzka þjóðin hefur gengið í gegnum, en í samfelldri, bráðum 1200 ára sögu íslenzku þjóðarinnar var hrunið meiri háttar áfall og alvarlegur hnekkir fyrir sjálfsmynd þjóðarinnar. Það er misskilningur að halda að einn áratugur dugi til fyrir þjóðina að vinna sig út úr því áfalli eða að efnahagsleg endurreisn sé það eina sem til þarf. Hrunið mun fylgja okkur lengi, svo og þeim flokkum og einstaklingum sem við sögu komu.

Þjóðin missti trú og traust á stofnanir samfélagsins og forystusveit þess. Hún er enn að reyna að skilja hvað gerðist og tortryggni og vantraust er enn ríkjandi. Þótt dómar hafi fallið og refsingar teknar út á bak við lás og slá dugar það eitt og sér ekki til. Þjóðin veit ekki hverjum hún á að treysta. Hún er í sárum. Og raunar álitamál hvort unga kynslóðin, sem stjórnar Íslandi í dag, skilur það.“

Styrmir Gunnarsson er einn af virkustu samfélagsrýnum samtímans. Hann hefur á undanförnum árum sent frá sér hverja bókina á fætur annarri.

Þjóðin upplifði svik

Síðar í þessum inngangi skrifar Styrmir: „Stjórnmálaflokkar, þ.e. hinir hefðbundnu, eru meðal þeirra stofnana samfélagsins sem hér hafa orðið til á síðustu hundrað árum. Sviptingar í fylgi þeirra í þremur þingkosningum eftir hrun sýna að þeir hafa ekki endurheimt það traust sem þeir misstu í hruninu. Þeim verður ekki kennt um innbyggða veikleika í samfélaginu sem smátt og smátt hafa verið að skýrast í okkar eigin huga og eiga sér ekki sízt rætur í fámenni. En upplifun þjóðarinnar er engu að síður sú að þeir hafi brugðizt henni. Hún hafi verið svikin í tryggðum af þeim sem sízt skyldi.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið leiðandi stjórnmálaafl á Íslandi frá lýðveldisstofnun og á flestan hátt endurspeglað samfélagið betur en aðrir flokkar. Styrkur hans og valdastaða hafa byggzt á því að allir meginþræðir þjóðfélagsins hafa komið þar saman og flokkurinn á þann veg orðið sá vettvangur málamiðlana sem hverju samfélagi er nauðsynlegt að hafa.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki náð sér á strik eftir hrun og segja má að hann hafi misst um fjórðung fylgis síns. Þar með er viss kjölfesta horfin úr samfélaginu og ekki ljóst hvort flokkurinn á eftir að endurheimta þá stöðu.

Af einhverjum ástæðum hefur Sjálfstæðisflokkurinn kosið að ræða ástæður og orsakir hrunsins ekki nema að mjög takmörkuðu leyti. Meiri áherzla hefur verið lögð á að hvetja þjóðina til að horfa fram á við og líta svo á að hrunið sé að baki. Raunar á það sama við um aðra hefðbundna flokka á Íslandi. Þetta jafngildir því að einstaklingar eða fjölskyldur reyni að gleyma erfiðri lífsreynslu eða neiti að horfast í augu við hana í stað þess að vinna úr henni. Þá fyrst er hægt að ná sáttum við það sem liðið er og horfa fram á veg.“



Kápa bókarinnar.

Sturtuveisla!

Sturtuhurðir
Breidd
70, 80 og 90 cm.
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 70cm. 29.544

Sturtuhorn
Stærðir
70 x 70 cm.
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 70x70 cm. 30.500

Sturtuvængir
með lyftilöm
Stærðir
70 x 70 cm.
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
100 x 100 cm.
Hæð 190 cm.

Verðdæmi 70x70 cm 29.600

Laus svunta

Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.
Rúnnaðir stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.
Kantaðir stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.

Sturtuhorn með botni
Stærðir
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. 35.900

Sturtuhorn
Stærðir
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.
Hæð 195 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. 32.107

8 mm. hert
öryggisgler
með festingum
Stærð 70 - 120 cm.
Hæð 200 cm.

Verðdæmi 70 cm. 26.190

Gæði, úrval og gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

AKRANES:

Fjárhagur Akranesbæjar styrkist

Fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árið 2018 og þriggja ára áætlun 2019 til 2021 var samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akraness á þriðjudag. Einnig var fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun samþykkt.

Gert er gert ráð fyrir óbreyttu útsvari á árinu 2018, eða 14,52% og að gjaldskrár hækki í samræmi við áætlaða vísitöluhækkun neysluverðs, eða um 2,2%. Sorphreinsunar- og eyðingargjald verður óbreytt á árinu 2018 og álagningarprósentur fasteignaskatts lækka.

Skuldir munu áfram fara lækkandi og er m.a. gert ráð fyrir því að skuldir samstæðu við lánastofnanir munu lækka um rúmar 658 m.kr. frá árslokum 2017 til ársloka 2021 og að heildarskuldir og skuldbindingar samtals munu lækka um rúmar 434 m.kr. á sama tímabili. Akranes mun halda áfram að vera vel innan þeirra fjárhagslegu viðmiða sem gerð eru til sveitarfélaga.

Skuldaviðmið sveitarfélagsins, þ.e. heildarskuldir og skuldbindingar A- og B- hlutans sem hlutfall af reglulegum tekjum mun einnig fara áfram lækkandi samkvæmt fjárhagsáætlun bæjarins. Áætlað skuldaviðmið sveitarfélagsins í árslok 2017 mun nema 70,8% en hámark sveitarfélaga er 150% af reglulegum tekjum þess, fjárhagsáætlun Akranes gerir ráð fyrir því að skuldaviðmiðið fari áfram lækkandi og muni nema rúm 50% í lok árs 2021.

Meðal framkvæmda á árinu 2018 eru gatnaviðgerðir við Esjubraut frá Þjóðbraut að svokölluðu spæleggi, niðurrif Sementsverksmiðjunnar, bygging fimleikahúss, bygging frístundahúss við golfvöllinn, uppbygging á Dalbrautarreit og Skógarhverfi, framkvæmdir við Guðlaugu á Langasandi, klára hönnun Jaðarsbakkasvæðis og endurbætur í Brekkubæjarskóla. Áætlað er að setja um 3,1 milljarða í fjárfestingar og framkvæmdir á næstu fimm árum án þess að taka lán.

Sjá nánar í fréttatilkynningu á vef Akraneskaupstaðar (akranes.is).

Nýjar og endurútgefnar bækur eftir

Hugin Þór Grétarsson

Ó ó Lió er gamansöm bók fyrir yngstu vandræðagemsana. Lió litli er að læra á heiminn enda er svo margt að varast, svo margt sem ekki má. En þá er líka gott að eiga yndislega fjölskyldu. Spjaldabók með mjúkri kápu.

Loksins, loksins! Hér er fundin fullkomin lausn til að koma börnum í háttinn! Teljum kindur. Þá geta foreldrar farið að gera eitthvað skemmtilegra en að sinna börnunum sínum, t.d. glápa á sjónvarpsserlu..

Léttlestrarbækur

Í léttlestrarbókunum er unnið með forvitni barna. Getur Kata klára allt? Af hverju heldur kisi að hann sé fugl? Eru draugar til? Bækurnar eru stuttar og börn fyllast sjálfstrausti og áncegju með eigin árangur þegar þeim tekst að klára heila bók.

Við kynnum til leiks Brandara og gátur 2. Með þessa í jólapakkanum ábyrgjumst við hlátur og gleði yfir jólin.

Bækur með boðskap

Blómlegt fjölskyldulíf er stuðningsrit fyrir skilnaðarbörn. Bókin er verkfæri til að vinna með tilfinningar og þær breytingar sem verða í lífi barns þegar foreldrar þess skilja.

Verum við sjálf! Samfélagið reynir að segja öllum hvernig þeir eigi að vera, en þá er mikilvægt að hafa trú á sjálfum sér og þor til að vera maður sjálfur.

Ormur gutti fær að heyra af lífi litla indjánans og að þrátt fyrir að margt sé ólíkt með þeim, er engu að síður svo margt sem þeir eiga sameiginlegt. Gagnleg bók til að ræða fjölmenningu.

Jólaþrautir

Skemmtileg þrauta- og litabók um jólasveinana. Sveinarnir skemmta börnum yfir hátíðirnar og dansa með þeim í kringum jólatré. Þessi bók er frábær gjöf í skóinn.

Óðinsauga

VESTRI

1. tölublað
1. árgangur

Auglýsingar:
Sími 578 1190 og
auglysingar@fotspor.is

Ritstjórn:
Sími 864 5585 og
magnushafsteins@simnet.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

Í Garðalundi á Akranesi.

Jólin koma

Nú þegar jólin nálgast fer víða fram sala á jólatrjám við nytjaskóga víðsvegar um land. Þetta á ekki síst við hér á Vesturlandi. Að kaupa jólatré úr skógi í heimabyggð er bæði ánægjulegt og styrkir skógræktarstörfin.

Ein slík sala fer fram helgina 16. og 17. desember frá klukkan 12 til 16 báða dagana. Það er í Álfholtsskógi við Fannahlíð undir norðaustanverðu Akrafjalli. Afgreiðsla verður við Furuhlíð sem er kaffisskúr skógræktarfélagsins. Þar verður boðið upp á kaffi, kakó og smákökur.

Félagsmenn aðstoða við að velja tré en í boði eru sitkagreni og stafafura í boði). Verð á trjám: 5.000 að 1,5m, 7.000, 1,6 -2,2m, 8.000 að 2,5m. Til að finna staðinn er beygt inn af inn af Akranesvegi og inn á gamla Akrafjallsveg (Fellsaxlarveg).

Fleiri dæmi mætti nefna um slíkar sölur á jólatrjám.

Síðan er líka rétt að minna á að jólagleði verður í Garðalundi á Akranesi föstudagskvöldið 15. desember. Það er skemmtilegur kvöldviðburður, ekki síst fyrir unga fólkið þar sem skapaður verður sannkallaður ævintýraheimur í skógræktinni á Akranesi, með ýmsum jólafígúrum og fleira spennandi. Þessi viðburður var haldinn í fyrsta sinn í fyrra og þótti heppnast ákaflega vel.

Vestri óskar íbúum Vesturlands gleðilegra jóla.